

Samstarfsnefnd leggur til að ný sveitarstjórn skipi landbúnaðarnefnd sem jafnframt taki við hlutverki dreifbýlisráðs.

## MEÐAL VERKEFNA NÝRRAR LANDBÚNAÐARNEFNDAR:

- Að vera málsvari íbúa í dreifbýli gagnvart sveitarstjórn og veitir umsagnir um málefni dreifbýlisins.
- Hefur heimild til að vísa málum á dagskrá sveitarstjórnarfundar.
- Fær til umsagnar breytingar á aðalskipulagi sveitarfélagsins, innan sinna staðarmarka.
  - » Að fjalla um afréttamálefni, fjallskil o.fl.
  - » Að fjalla um búfjárhald
  - » Að veita umsagnir varðandi landskipti, sameiningu jarða og umsókn um lögbýlisrétt
  - » Að gera tillögur til sveitarstjórnar um viðhald og rekstur girðinga, gagnakofa og rétta
  - » Að hafa umsjón með Svalbarðsskóla fyrir hönd sveitarfélagsins og stuðlar að fjölbreyttu starfi í húsinu

## LÝÐHEILSA OG FÉLAGSSTARF

Tækifæri eru í þróun alls félagsstarfs við sameiningu sveitarfélaganna og möguleikar eru til að bæta félagsstarf ungmenna og aldraðra, meðal annars með því að skapa skýra stefnu og leggja til hentugt húsnæði.

Mjög góð aðstaða er fyrir íþróttalif í samfélaginu og mikil tækifæri í nýtingu á aðstöðu.

Heilsueflandi samfélag miðar að því að auka heilsu og lífsgæði íbúa. Með þátttöku sveitarfélaganna í fjölmennингarráðum og ungmannaráðum SSNE eru tækifæri til aukinnar áherslu á þau viðfangsefni.

Fræðslumál eru nú þegar sameiginleg og breytast ekki við sameiningu.